

Fundargerð 96. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á teams, 6. maí 2024, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir landshluta.

Framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga segja frá því hvernig þeir munu vinna nýja sóknaráætlun.

2. Skipunartími stýrihópsins.

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Daníel Svavarsson (FOR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Helga Harðardóttir (HRN), Kristrún Friðriksdóttir (DMR), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Valgerður Rún Benediktsdóttir (Sambandinu), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun, mætti 13:06), Albertína F. Elíasdóttir, fulltrúi landshlutasamtakanna og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Frá landshlutasamtökunum sátu lið 1 í dagskránni: Aðalsteinn Óskarsson og Sigríður Kristjánsdóttir Fjórðungssambandi Vestfirðinga (FV), Katrín M. Guðjónsdóttir Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV), Elva Gunnlaugsdóttir og Albertína F. Elíasdóttir, Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE), Dagmar Ýr Stefánsdóttir Sambandi sveitarfélaga á Austurlandi (SSA), Bjarni Guðmundsson og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og Berglind Kristinsdóttir Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS). Páll Brynjarsson Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) og Páll B. Guðmundsson Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) boðuðu forföll.

Fjarverandi: Andri Júlíusson (UTN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN) og Þór Hauksson Reykdal (MRN).

Formaður setti fund og hóf boðaða dagskrá.

Nýr fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins (HRN), Helga Harðardóttir, tók sæti í stýrihópnum sem aðalfulltrúi og bauð formaður hana velkomna.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir landshluta.

Framkvæmdastjórar og starfsmenn landshlutasamtaka sveitarfélaga skýrðu í stuttu máli frá því hvar þeirra landshlutar eru staddir í ferlinu og hvernig þeir munu vinna nýja sóknaráætlun. Öll landshlutasamtökin er byrjuð á undirbúningi þessa verkefnis.

Talsverðar umræður urðu um þennan lið, meðal annars um markmið og mælikvarða, um nauðsyn þess að sveitarstjórnir séu meðvitaðar um nýjar sóknaráætlanir og fram kom hugmynd um kynningarmyndband um sóknaráætlanir. Almennt munu landshlutarnir byggja á gildandi sóknaráætlunum og í einhverjum tilfellum verður bein tengin við svæðisskipulag. Umræða um hvernig framfylgja megi sem best þeirri lagaskyldu að leita samráð við íbúa í gegnum samráðsvettvang. Einnig kom fram að unnið er að því að fleiri ráðuneyti tengist sóknaráætlunum. Þannig sendu landshlutasamtökin sameiginlega áskorun til fimm ráðherra, auk þess sem innviðaráðherra hvatti til þess á ríkisstjórnarfundi í lok apríl.

Fulltrúar landshlutasamtakanna, utan Albertínu, yfirlögðu fundinn kl. 14.10.

2. Skipunartími stýrihópsins.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður til þriggja ára og rennur skipunartími hópsins út í lok maí. Formaður greindi frá því að óskað verði eftir tilnefningum og mun póstur þess efnis berast frá innviðaráðuneytinu á næstu dögum.

Næsti fundur verður staðfundur í innviðaráðuneytinu þann 3. júní, hefst kl. 15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:23